

## Nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga

### Stefna

Vinna skal að því að ná fram aukinni sanngirni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæta þarf hlutdeild sveitarfélaga í skattstofnum og koma af stað skynsamlegri umræðu um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda. Vinna skal að því að gera Vestfirði að tilraunsvæði með ívilnun á sköttum einstaklinga og fyrirtækja, samkvæmt fyrirmynd frá Norður Noregi.

### Ályktun

Í framhaldi af breytingum á lögum um opinber fjármál, hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga ásamt öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga gert kröfu um breytt vinnulagi í samskiptum við Alþingi og ráðuneyti um fjárlagagerð og ríkisfjármálaáætlun. Draga má málið saman í tvo meginþætti.

- Ríki og sveitarfélög eru sammála um markmið laganna að auka vægi langtíma stefnumörkunar í efnahagsmálum. En þá þarf að auka samráð við mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar til þess að markmið náist s.s. um afkomu og efnahag, fjármögnun opinberrar þjónustu og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samráðsfundir sveitarfélaga og landshlutasamtaka með ráðuneytum verði tímasettir í takt við vinnu að fjármálastefnu og fjármálaáætlun.
- Fjárlög hvers árs verði í minna mæli en áður breytt í meðförum Alþingis. Mynda þarf því traust um að brýn hagsmunamál hafi tímasetta áfanga ríkisfjármálaáætlunar s.s. í uppbyggingu innviða og opinberra stofnana í héraði.

Skorað er á fjárlaganefnd að taka þessa þætti upp í nefndaráliti um fjárlög 2019 og beina þessum ábendingum til ráðuneyta.